



Er námsmat innantómt skjall?

Karl Frímannsson
skólastjóri Hrafnagilsskóla

Grunnskólalög 27. gr.

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná *námsmarkmiðum* sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Aðalnámskrá

- Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim *námsmarkmiðum* sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim.
- Námsmat er fastur þáttur skólastarfs og órjúfanlegt frá námi og kennslu.

Hvers vegna námsmat?

- Fylgjast með breytingum og framförum á stöðu nemenda.
- Hvatning til nemenda.
- Sannreyna og afla áreiðanlegra gagna um skyldur og ábyrgð grunnskóla.
- Meta stöðu nemenda í ljósi viðmiða aðalnámskrá.
- Meta starfshætti kennara.
- Meta gæði skólstarfs.

Lykilhugtök námsmats

➤ Áreiðanleiki

- Vísar til þess hveru áreiðanlegt (stöðugt) matið er. Fengist t.d. sama niðurstaða ef annar notaði sama mat? Fengist sama niðurstaða ef því væri beitt á öðrum tíma? Lítil áreiðanleiki leiðir til lítils réttmætis.

➤ Réttmæti

- Gefur til kynna að hvaða marki námsmatið gefur okkur þær upplýsingar sem við sækjumst eftir og hversu rétt túlkun okkar er á matsniðurstöðum.

Hversu áreiðanlegt eða réttmætt er að gefa eina einkunn fyrir kannanir og próf, vinnubrögð í tímum, samskipti, heimanám og frumkvæði?

Tvískipt námsmat

- Námseinkunn eða námsumsögn
 - Skrifleg og mælanleg námsmarkmið.
- Vinnumögn
 - Vinnubrögð í skólanum, heimanám, hegðun, samskipti og viðhorf.

Fjölbreytt námsmat

- fjölbreyttar matsaðferðir
- námsmat er hluti af námi
- markmiðabundið
- reglubundið
- skráning

Helstu námsmatsaðferðir

- Leiðsagnarmat.
- Sjálfsmat nemenda.
- Jafningjamat.
- Mismunandi verkefni s.s. munnleg, skrifleg, verkleg, rafræn og myndræn í samræmi við viðfangsefni nemenda hverju sinni.
- Mat á námsmöppum.
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk.

Úr skólanámskrá

Helstu námsmatsaðferðir

- Könnunarpróf í 5. – 10. bekk.
- Stöðupróf í 2. – 4. bekk í lestri og stærðfræði.
- Skráning á vinnubrögðum bæði í skólanum og við heimavinnu.
- Skráning á frumkvæði og samvinnu.
- Skráning á hegðun og samskiptum í skólanum.
- Skráning á framförum.

Úr skólanámskrá

Greinandi próf

- lesskimun í 1. og 2. bekk
- leshraða- og lesskilningspróf í hljóðlestri á vorönn í 3. og 5. bekk
- lestrar- og stafsetningarskimun í 9. bekk
- stafsetningarskimun í lok 2. – 7. bekkjar
- stærðfræðiskimun í 3. bekk og 6. bekk
- hreyfipróf í 1. bekk
- Tove Krogh-teiknipróf 1. bekk

Framsetning námsmats

	Námsmarkmið einkunn	Námsmarkmið umsögn	Vinnuumsögn
6.-10. b. bóklegar greinar	x	x	x
1.-5. b. bóklegar greinar		x	x
List- og verkgreinar		x	x
Íþróttir		x	x
Sund		x	x
Upplýsingat. 6. - 10. b.	x		x
Upplýsingat. 1.-5. b		x	x
Hegðun - samskipti - viðhorf			Sameiginleg umsögn tekin saman af umsjónarkennara

Úr skólanámskrá

Þróunarverkefni í námsmati

- Feneyjar er verkefni kennara Hrafnagilsskóla við gerð mælanlegra markmiða eða færnivíðmiða sem auðvelda eiga áætlanagerð og mat á námsstöðu og framförum nemenda.

Hugmyndagrunnur

- Tilgangur verkefnisins er gerð mælanlegra markmiða eða færni viðmiða fyrir nemendur í öllum námsgreinum.
- Færni viðmið / mælanleg markmið mynda eina heild með áætlanagerð, kennslu og námsmati.
- Færni viðmiðin eiga að gefa skýrt til kynna hvers ætlast er til að nemendur geti, skilji eða þekki og eiga að auðvelda mat á námsstöðu og framförum nemenda.
- Afrakstur verkefnisins eru skráð viðmið um færni, þekkingu eða skilning nemenda í öllum námsgreinum og á öllum aldursstigum.

Framkvæmd

- Fjögur teymi verða í byrjun þ.e. í íslensku, ensku, stærðfræði og list- og verkgreinum
- Færniðmiðin byggja á markmiðum aðalnámskrár.
- Í aðalnámskrá er hverri námsgrein skipt í námsþætti og er þeirri skiptingu fylgt í þessu verkefni.
- Færniðmiðunum er skipt í allt að 20 þrep þ.e. tvö fyrir hvert námsár.
- Færniðmiðin verða skráð í Mentor að vinnu lokinni.

Verkferli

- Einn námsþáttur er skoðaður í einu.
- Undirþættir námsþáttarins eru skilgreindir.
- Færni viðmið skráð fyrir viðkomandi námsþátt.
- Framvinda er skráð í hverjum námsþætti.
 - DÆMI

Tímarammi

- Upphaf verkefnisins er 7. september 2009 og áætluð lok í maí 2010.
- Ætlaðir eru 3-4 fundir á mánuði verkefnið.
- Þess á milli má gera ráð fyrir að einhverjum hluta verkstjórnartíma verði varið í verkefnið.



Það er grundvallarmunur á fullyrðingu og staðreynd.

Er námsmat innantómt skjall?

- Ekki ef
 - áreiðanleiki og réttmæti er haft að leiðarljósi
 - skrifleg og mælanleg markmið liggja til grundvallar
 - námsmat, kennsluhættir og markmiðssetning myndar eina heild
 - reglubundin skráning fer fram
 - námsmatið leiðbeinir nemendum og hvetur